

SAMÞYKKT**um breyting á samþykkt um hundahald í Bessastaðahreppi nr. 409/1975.**

1. gr.

2. gr. d stl. orðist svo:

Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skólahús, matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru höfð um hönd.

2. gr.

Niður falli eftirfarandi setning í 2. mgr. 2. gr. i. f.:

„Einnig má hreppsnefnd skylda hundeiganda til þess að láta hund sinn ekki ganga lausan á almannafæri.“

3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.